

Samfélagsfræði 1.- 4. árgangur		1. árgangur	2. árgangur	3. árgangur	4. árgangur
Reynsluheimur	Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.				
Reynsluheimur	Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.				
Reynsluheimur	Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.				
Reynsluheimur	Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.				
Reynsluheimur	Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.				
Reynsluheimur	Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.				
Reynsluheimur	Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.				
Reynsluheimur	Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.				
Reynsluheimur	Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.				
Reynsluheimur	Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.				
Reynsluheimur	Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.				
Reynsluheimur	Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.				
Reynsluheimur	Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.				

Reynsluheimur	Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.				
Reynsluheimur	Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.				
Reynsluheimur	Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.				
Reynsluheimur	Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.				
Reynsluheimur	Komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.				
Reynsluheimur	Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.				
Reynsluheimur	Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.				
Reynsluheimur	Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.				
Reynsluheimur	Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.				
Reynsluheimur	Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.				
Reynsluheimur	Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.				
Reynsluheimur	Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.				
Reynsluheimur	Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.				
Reynsluheimur	Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.				
Reynsluheimur	Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.				
Reynsluheimur	Áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu.				
Reynsluheimur	Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.				
Hugarheimur	Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.				
Hugarheimur	Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.				
Hugarheimur	Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.				

Hugarheimur	Sett sig í spor annarra jafnaldra.				
Hugarheimur	Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.				
Hugarheimur	Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.				
Hugarheimur	Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.				
Hugarheimur	Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.				
Hugarheimur	Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.				
Hugarheimur	Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.				
Hugarheimur	Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.				
Félagsheimur	Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.				
Félagsheimur	Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.				
Félagsheimur	Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.				
Félagsheimur	Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.				
Félagsheimur	Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.				
Félagsheimur	Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.				
Félagsheimur	Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.				
Félagsheimur	Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.				
Félagsheimur	Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.				
Félagsheimur	Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.				
Félagsheimur	Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.				
Félagsheimur	Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.				